



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands
Aukafundur með stjórn og sýningarriturum
FUNDARGERÐ

Dags.	17. ágúst 2016
Fundartími:	kl. 19.50
Fundarstaður:	Laufbrekka 30, Kópavogi
Fundarstjóri:	Marteinn T. Tausen
Fundarritari:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Fjöldi mætra:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, Vigdís Andersen, Marteinn T. Tausen, Sigríður Rósa Snorradóttir, Guðný Ólafsdóttir, Helga Karlsdóttir, Sunna Ingvarsdóttir

Marteinn T. Tausen og Aliosha Romero, alþjóðlegir FIFé dómara, óskuðu eftir fundi með stjórn ásamt sýningarriturum til að bera undir tillögu um breytingu á sýningum Kynjakatta.

Eftirfarandi eru punktar frá fundinum en sjá einnig skjalið *“Tillaga til stjórnar Kynjakatta að breytingum á verðlaunaflokkum á sýningum KKÍ”*.

- Það eru fleiri lönd í Evrópu með litlar sýningar eins og Ísland.
- Skemmtilegt væri að prófa að vera ekki með kategoríur og allir að keppa saman. Þar með væru engvir tegundaflokkar og allir kettir keppa á sömu forsendum.
- Við þyrftum að sækja um sömu reglur og eru t.d. í Suður Ameríku, þ.e. að hver dómari megi dæma 60 ketti.
- Þá væri nóg að vera með 2 dómara en þeir þyrftu að vera All-breed dómara.
- Þá verða færri best in show kettir og verðlaunin væru því þýðingarmeiri.
- Þetta hefur engin áhrif á stigin.
- Sýningin sjálf gæti lengst við þetta en úrslitin yrðu mikið styttri.
- Gætum bætt við verðlaununum **Kynjaköttur sýningarinnar**, þá væru Best-in-Show kettir borin saman og einn valin besti köttur sýningar. Það væri hægt að biðja dómara um að velja besta kött tegundar á meðan þeir eru að dæma.
- Það mætti taka heimatilbúnu flokkana á öðrum deginum og Best-in-Breed á hinum deginum.



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands
Aukafundur með stjórn og sýningarriturum
FUNDARGERÐ

Tillaga þessi er lögð fram til að sníða sýningarnar að íslenskum raunveruleika, þar sem eru fáir kettir og dýrt og oft á tíðum erfitt að fá dómara hinngað til landsins.

Sýningarstjóri leggur til að þetta verði kynnt í Kynjakattablaðinu og á plaggi í salnum á sýningu ef meirihluti stjórnar samþykkir tillögurnar.

Sýningarritari bendir á að einnig vanti almannatengsla manneskju (PR) á sýningu, geta tilkynnt það í salnum og fólk geti leitað til hennar með spurningar og fleira til að taka þungann af sýningarriturum.

Fundi slitið kl. 21:00